<u>Starfsárið 2019-2020</u>

## 8. stjórnarfundur Félags íslenskra náttúrufræðinga

Mánudagurinn 4. nóvember 2019, kl. 11:15 -12:45 að Borgartúni 6

**Fundinn sátu:** Ásdís Benediktsdóttir, Bergrún Arna Óladóttir, Einar Hjörleifsson, Friðþjófur Árnason, Guðrún Nína Petersen, Hafdís Sturlaugsdóttir í fundarappi, Haraldur Rafn Ingvason, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Maríanna H. Helgadóttir, Pétur Halldórsson, Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Sverrir Daníel Halldórsson, Torfi Geir Hilmarsson og Una Bjarnadóttir.

**Fundarritari:** Rakel Júlía Sigursteinsdóttir

**Dagskrá:**

**Til afgreiðslu:**

1. **Kl. 11:30** Fundargerð síðasta fundar og fundargerðir fyrir vefsíðu
2. **Kl. 11:35** Nýir félagsmenn (8)
3. **Kl. 11:50** Af vettvangi BHM
4. **Kl. 12:10** Staða kjarasamninga

**Til kynningar:**

5. **Kl. 12:40** Önnur mál
    a) Tillaga að næsta fundi stjórnar FÍN: 9. desember 2019

Áætluð fundarslit kl. 12:45

**Fundargerð (samantekt fyrir vefsíðu félagsins)**

1. Fundargerð frá 7. október samþykkt.
2. Nýir félagsmenn. Samþykktir voru 8 aðilar með fulla aðild. Einn óskaði eftir gestaaðild, er enn í vinnslu.
3. Af vettvangi BHM. Samþykkt var að tilnefna Ásdísi Benediktsdóttur (ÁB) í bakhóp BHM vegna heildarendurskoðunar á jafnréttislögum og fæðingarorlofslögum. Stjórnarmenn munu senda ábendingar til formanns FÍN sem komið verður til ÁB. Lagt var fram minnisblað um LÍN til kynningar. Gjaldkeri FÍN, Guðrún Nína Petersen, reifaði niðurstöður starfshóps um lækkun á gjaldi aðildarfélaga BHM til BHM. Gjaldamódelið verður lagt fyrir aðalfund BHM 2020, stjórnarmenn hvattir til að kynna sér framlagðar glærur.
4. Staða kjarasamninga. Lagt var fram minnisblað formanns FÍN um stöðu kjaramála. Lítið að gerast hjá Reykjavíkurborg og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. BHM-08 er orðið BHM-10, en 10 félög eru sameiginlega í viðræður við ríkið og farið yfir sameiginlegar kröfur BHM-10. Mál lífeyrissjóðsins Brú voru rædd vegna breytinga á lífslíkutöflum.
5. Önnur mál
    b. Starfsdagur stjórnar verður 8.nóvember.
    c. Næsti fundur stjórnar FÍN: 9. desember 2019.

Fundi slitið 13:06.